



Fjárhagsáætlun 2026-2030

Til: Formanna fagráða, sviðsstjóra og borgarritara

Efni: Skil á gögnum vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar 2026-2030

Verklag að undirbúningi fjárhagsáætlunar 2026-2030 verður óbreytt frá fyrra ári. Nýtt verklag sem tók gildi fyrir gerð fjárhagsáætlunar 2025-2029 tekur mið af fjármálastefnu Reykjavíkurborgar, gildandi fimm ára áætlunar og fjárhagslegu svigrúmi borgarsjóðs við úthlutun fjárhagsramma. Gert ráð fyrir heildrænni skiptingu fjármuna milli sviða og miðlægra skrifstofa borgarinnar að teknu tilliti til kjarabóta, gjaldskrársamkomulags kjarasamninga, verðbóta á annan rekstrarkostnað, samþykktu úthlutunarlíkana og helstu áskorana í rekstri.

Verklagið verði með eftirfarandi hætti:

Verkefni:	Áætl. tímafrestrir:	Ábyrgð:	Umfjöllun í:
Samantekt og skil á helstu áskorunum	28.feb	Sviðsstjóri	
Samantekt og skil gagna vegna fimm ára áætlunar	28.feb	Sviðsstjóri	
Greining á fjárhagslegu svigrúmi til úthlutunar á fjárheimildum	28.feb	Skrifstofa áætlana og hagnála	
Drög að tillögu um skiptingu fjárhagsramma	19.mar	Sviðsstjóri FAS	Fjármálahópi
Tillaga borgarráðs um skiptingu fjárhagsramma	10.apr	Borgarstjóri	Borgarráði
Forgangsröðun verkefna innan fjárhagsramma	apr/maí	Sviðsstjóri	Fagráði
Kynning á forgangsröðun	21.maí	Sviðsstjóri	Fjármálahópi
Útfærsla fjárhagsáætlunar	20.sep	Sviðsstjóri	

Þegar fjárhagsrömmum hefur verið úthlutað skulu svið og miðlægar skrifstofur ásamt viðkomandi fagráði forgangsráða verkefnum innan fjárheimilda og skapa um leið svigrúm fyrir ný eða breytt verkefni.

Forgangsröðun verkefna í ramma skulu taka mið af hlutverki sviðsins, lögbundnum skyldum þess og skuldbindingum sem sviðið hefur gert samkomulag eða samning um. Leitað verði hagkvæmustu leiða til útfærslu á þjónustu og skipulagi um rekstur hennar og framkvæmd í samræmi við markmið og megináherslur í fjármálastefnu Reykjavíkurborgar. Þetta á jafnt við um lögbundna og lögheimila þjónustu. Þegar forgangsröðun á verkefnum sviðsins liggur fyrir er hún kynnt borgarstjóra og fjármálahópi. Nánari lýsing á ferlinu má finna í viðauka.

Með vísun í ofangreint er gert ráð fyrir eftirfarandi skilum gagna þann **28. febrúar nk**.

1. Þrjár helstu áskoranir næsta árs:

Sviðstjórar skila til FAS yfirliti yfir helstu þrjár áskoranir sviðsins utan þess svigrúms sem að mati sviðsins rúmast ekki innan forgangsröðunar fjárheimilda og munu hafa áhrif á fjárþörf þess. Með yfirlitinu skal fylgja skýr rökstuðningur hvers vegna um áskoranir er að ræða, kostnaðarmat og jafnréttisskimun.

Nánar um rökstuðning: Yfirliti yfir helstu áskoranir þurfa að fylgja með greinargóðir útreikningar, sem fela í sér greiningu m.a. fjölda/einingum, breytilegum einingakostnaði og föstum kostnaði. Ef um skuldbindandi samning er að ræða skal vísað í hann. Ef um er að ræða nýjar kröfur sem koma í gegnum lög eða reglugerðir skal vísa í þau. Ef um er að ræða skuldbindingu sem hefur verið samþykkt í borgarráði þá skal vísa í samþykktina.

Sérstaklega er bent á að það er á ábyrgð hvers fagraðs að ákveða forgangsröðun á sínu sviði og skapa svigrúm fyrir ný eða breytt verkefni innan gildandi fjárhagsramma og á fjárhagsáætlunargerð að vera byggð á aðferðafræði kynjaðrar fjárhagsáætlunargerðar (1.gr. FMS-STE-001) og það felur m.a. í sér að kynja- og jafnréttissjónarmið séu höfð til hliðsjónar við áætlanagerð og ákvarðanatöku um forgangsröðun. Á hverju sviði eru starfandi KFS starfshópar sem hægt er að leita til, en einnig má leita til verkefnastýru kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Mikilvægt er að áskoranirnar endurspegli aðeins liði sem óhjákvæmilegt er að komast hjá og erfitt er að mæta með breyttri forgangsröðun innan sviðs.

Áskorunum skal skila í meðfylgjandi excel skilaformi „Skapalón fyrir áskoranir 2026 og skuldbindingar fyrir fimm ára áætlun“ **Mikilvægt er að útreikningar séu settar fram þannig að unnt sé að rekja með skýrum hætti forsendur útreikninga.**

Hægt er að hafa samband við skrifstofu áætlana- og hagsmála FAS kjósi svið að fá yfirferð yfir skapalónið eða frekari skýringar á útfyllingu þess.

2. Helstu skuldbindingar áranna 2027-2030 fyrir vinnslu fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar

Sviðstjórar skulu kortleggja og skila til FAS yfirliti yfir helstu skuldbindingar sviðsins utan fjárheimilda sem fyrirséð er að munu hafa áhrif á fjárþörf þess árin 2027-2030. Yfirlitið verður notað til hliðsjónar við gerð fimm ára áætlunar Reykjavíkurborgar. Vakin er athygli á að fimm ára áætlun er einungis stefnumarkandi og hefur ekki áhrif á fjárheimildir sviða. Þau atriði sem mikilvægt er að kortleggja eru m.a.

- **Rekstur vegna nýs húsnæði sem er í byggingu eða er á fjárfestingaáætlun ársins 2025 og fyrirséð að komi í rekstur árin 2027-2030.**
- **Magnaukning þjónustu í rekstri vegna fjölgunar þjónustuþega árin 2027-2030**
- **Tímabundin verkefni þar sem borgin hefur skuldbundið sig til að taka þátt.**

Skuldbindingum í fimm ára áætlun skal skila í meðfylgjandi excel skilaformi „Skapalón fyrir áskoranir 2026 og skuldbindingar fyrir fimm ára áætlun“. **Mikilvægt er að útreikningar séu settar fram þannig að unnt sé að rekja með skýrum hætti forsendur útreikninga.**

3. Áætlun um greiningu þjónustubátta og framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar

Sviðsstjórar útfæri áætlun sviðsins um greiningar, framkvæmd og eftirlit kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.

Sviðsstjórum er falið að rýna fyrirbyggjandi greiningar með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar og nýti þær við undirbúning tillagna um ráðstöfun fjármuna.

Gert er ráð fyrir að allar tillögur fagsviða/skrifstofa vegna rekstrar og fjárfestinga sem fela í sér ný verkefni eða breytingar á verkefnum og kalla á breytingar á fjárheimildum, verði jafnréttisskimaðar. Vakin er athygli á að eyðublað jafnréttisskimunar hefur verið rafvætt. Gert er ráð fyrir að allar skimanir sem eru gerðar héðan í frá séu í rafræna forminu. Einnig minnum við á að verkefnastýra KFS les yfir og samþykkir allar jafnréttisskimanir svo þær þurfa að vera unnar tímanlega. Leiðbeiningar varðandi rafrænu skimanirnar eru á [upplýsingabrunn KFS á Workplace](#). Í viðhengi er kynning á rafræna viðmótinu og ferlinu. Verkefnastýra KFS svarar öllum fyrirspurnum varðandi framkvæmd jafnréttisskimana

4. Fjárfestingaáætlun

Samhliða þeirri vinnu sem hér hefur verið fjallað um hefur eignaskrifstofa hafið vinnu við fjárfestingaáætlun í samræmi við reglur þ.a.l. og felur í sér þarfagreiningu vegna þjónustu borgarinnar, greiningu á valkostum og mati á hagkvæmni þeirra.

Vísað er á Óla Jón Hertervig skrifstofustjóra eignaskrifstofu varðandi frekari upplýsingar um vinnslu fjárfestingaáætlunar.

Hikið ekki við að hafa samband ef spurningar vakna og minnt er á að skilafrestur á gögnum er þann **28. febrúar** nk. til fjármála- og áhættustýringarsviðs.



Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.



Erik T. S. Bjarnason,
skrifstofustjóri skrifstofu áætlana- og hagsmála.

Hjálagt:

Skapalón fyrir áskoranir 2026 og skuldbindingar fyrir fimm ára áætlun
Kynning á rafrænum jafnréttisskimunum
Tíma- og verkáætlun fjárhagsáætlunar 2026-2030

Afrit:

Borgarstjóri
Formaður borgarráðs

Formenn fagráða
 Fjármálastjórar sviða
 Skrifstofustjórar miðlægrar stjórnsýslu

Viðauki: Ferli við gerð fjárhagsáætlunar 2026-2030

